



Tré ársins 2023 á Seyðisfirði en myndin er tekin 24. júní sl.

Mynd: Ómar Bogason

Tré ársins 2023

Grenið sem stóð af sér hremmingarnar árið 2020

Það er margt sem stjórn Skógræktarfélags Íslands þarf að taka afstöðu til þegar valið er Tré ársins. Stundum er valið nokkuð augljóst eins og fyrir ári þegar sitkagrenitré á Kirkjubæjarklaustri varð fyrir valinu en það mældist yfir 30 m og hefur slíkt að öllum líkindum ekki gerst hér á okkar landi í nokkrar milljónir ára, að tré hafi náð þeirri hæð.

Oft koma tilnefningar frá hinum ýmsu aðilum, einstaklingum, félögum eða stofnunum og einatt fylgja með myndir sem undirstrika gjörvileika viðkomandi trés.

Þegar kom að vali á Tré ársins 2023 kom ekki neitt annað til greina en tillaga Helga Hallgrímssonar náttúrufræðings sem búsettur er á Egilsstöðum og hefur lengi skrifað áhugaverðar greinar í Skógræktarritið.

Fyrst viðraði Helgi sitt hugðarefni í bréfi þann 3. febrúar 2022 þar sem hann segir orðrétt. „*Skriðuföllin miklu á Seyðisfirði í desember 2020 hafa varla farið framhjá ykkur. Þar fór talsverður nýskógur forgörðum, utan við Búðará, aðallega af greni, í stóru skriðunni 18. des., eins og sjá*



Afleiðingar skriðunnar á Búðareyri í Seyðisfirði 18. des. 2020.

Mynd: Sigurður Birkir Þorsteinsson

má á meðfylgjandi myndum. Á aðalmynd af skriðunni sjást tvö grenitré á hólma milli skriðugeiranna, ofan við Bryggjuhúsið, sem sluppu óskemmd. Það efra og stærra er ekki lengur við lýði, það hefur líklega verið höggvið þegar rutt var upp varnargörðum eftir skriðuna. Bæði trén sjást á nærmynd sem tekin var eftir jólin, þegar fór að grána. Neðra tréð stóð við húsið Sandfell (Hafnargötu 32), sem var steinhús og fór alveg í skriðuna, nema smáskúr sem stóð við það. Það tré má sjá við brakið á myndinni, ásamt hinu sem hvarf.

Þetta grenitré stendur nú eitt og einmana í skriðuhaugnum, sem búið var að sá í og farnir aðeins að gróa 9. júlí 2021, þegar myndin af því var tekin. Ég tel nokkuð víst að þetta sé sitkagreni. Það er ekki að sjá að það hafi skadast, því það er með eðlilegum sumarvexti.

Sett voru ljós á tréð. Á ársafmæli skriðunnar, 18. des. 2021, var kveikt á þeim við hátíðlega minningarathöfn, þar var komið fyrir hvítmáluðum krukum með rafljósum og myndum og nöfnum þeirra 10-11 húsa sem eyðilögðust, auk þess sem komu margir bæjarbúar með

útikerti sem kveikt var á kringum tréð, sbr. meðf. mynd.

Í jólablaði Austur – Glugga (16. des. 2021) er tréð nefnt „Drottningartré“, en ég hef kallað það „Undratré“ og vil nú leggja til við Skógræktarfélag Íslands að það verði valið Tré ársins.“

Ekki varð nú af því að téð tré yrði valið það árið enda fullvissa fyrir því að tréð á Kirkjubæjarklaustri væri að slá öll met sem nefnd eru hér í upphafi greinar og kölluðu á verðugheit þess árs.

Það er ótvírætt ekki í eðli Fljótsdælinga eða Fellamanna að gefast upp og því til sönnunar kemur endurnýjað bréf frá Helga þann 22. mars á þessu ári þar sem hann snuprar ritstjóran fyrir að hafa ekki samband en segir svo: „Mér þykir þetta „undratré“ þó a.m.k. vera þess virði að um það sé getið í Skógræktarritinu.“

Það er svo frá því að segja að á stjórnarfundi Skógræktarfélags Íslands þann 3. júlí sl. var samþykkt án frekari umræðu tillaga Helga um að grenitréð á Seyðisfirði yrði útnefnt Tré ársins 2023 og hafin skyldi undirbúningur ásamt heimamönnum að hentugri dagsetningu



Tré ársins 2023 má sjá hér við rústir Sandfells hússins (Hafnargötu 32). Þessi tvö tré stóðu af sér skriðuna en efra tréð er horfið undir varnargarð sem gerður var í kjölfarið. Mynd: Sigurður Birkir Þorsteinsson

fyrir viðburðinn. Ákveðið var að halda upp á viðburðinn á Seyðisfirði sunnudaginn 10. september og dagskrá viðburðarins unnin í góðu samráði við heimamenn.

Fyrsta haustlæggðin lét sig ekki vanta

þennan dag og þegar komið var til Egilsstaða með flugi var hálf hryssingslegt um að líta, aðeins fjórar gráður og þegar komið var upp á Fjarðarheiðina gránaði í rót.




Íbúar Seyðisfjarðar hafa safnast saman á tímamótum við tréð og kveikja gjarnan á kertum. Myndin er tekin 18. desember 2021, ári eftir að skriðan féll. Mikil mildi var að enginn mannskaði varð þegar skriðan féll á sínum tíma.

Mynd: Ómar Bogason.



100% RAFMAGNSBÍLL TOYOTA bZ4X



Toyota Kaupþúni
Kaupþúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000



UMHVERFISVÆLAN ATVIRKUNAR
UMHVERFISFYRIRTEKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækini skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota-bílum.



Við athöfn Tré ársins 2023. Frá vinstri Hafberg Þórisson, styrktaraðili verkefnisins sem afhjúpaði plötu neðan við tréð, Jónatan Gardarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, sem stjórnaði athöfninni, Björn Ingimarsson, sveitarstjóri Múlapings, fulltrúi eiganda trésins sem tók við viðurkenningarskildi og lengst til hægri er Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur, sem sendi inn tilnefningu um Tré ársins. Mynd: BJ

Þegar komið var niður á Seyðisfjörð báru menn saman bækur sínar og ákveðið að færa samkomuna inn í Tækniminjasafnið og taka svo mælingu á trénu í lokin. Allt gekk þetta eftir og í upphafi fluttu þau Arna Magnúsdóttir og Ágúst T. Magnússon hljómfagra tónlist áður en flutt voru þrjú stutt ávörp þeirra Jónatans Gardarssonar, formanns Skógræktarfélags Íslands, Björns Ingimarssonar, sveitarstjóra Múlapings og Hafbergs Þórissonar í Lambhaga, sem er bakhjarl Trés ársins. Boðið var upp á léttar veitingar og spjallað við heimamenn sem sumir mundu tímana tvenna, m.a. Jóhann Sveinbjörnsson, fyrrv. bæjargjaldkera Seyðisfjarðar, sem vissi nákvæmlega hvaða fólk hafði gróðursett tréð en að hans sögn voru það hjónin Haraldur Aðalsteinsson og Sigurbjörg Björnsdóttir sem gróðursettu tréð árið 1975 við húsið Sandfell þar sem þau bjuggu á þeim tíma. Það er því 48 ára á þessu ári.

Eftir hressingu safnaðist fólk neðan

við tréð þar sem fór fram formleg mæling en um þá hlið sá Kári Freyr Lefever frá Skógræktinni. Reyndist tréð vera 10,90 m á hæð sem passar ágætlega við aldur þess og umhverfi en ummál 90,5 cm. Sitkagrenitréð virðist hafa orðið fyrir smávægilegum skrokkskjóðum þar sem nokkrar greinar hafa brotnað. Það er hins vegar ekkert sem tíminn getur ekki læknað með smá umhirðu og snyrtingu sem hægt er að bæta á skömmum tíma. Fara ber afar varlega við uppsetningu á ljósaseríum ef tréð er skreytt og þær teknar niður við lok hátíða því þungar ljósaseríur geta hæglega orðið til þess að greinar eða toppar kubbist í sundur.

Þrátt fyrir hráslagalegt haustveður mættu um 30-40 manns á viðburðinn og var fjallað um Tré ársins í allmörgum fjölmiðlum. Vonandi á svo sitkagrenið í hlíðinni eftir að vera ljósberi lífs og vonar fyrir næstu kynslóðir, merki gróandi mannlífs og sköpunar.

Höfundur: Brynjólfur Jónsson